

Fimmtugasti og fyrsti fundur stjórnar Fræðslusjóðs

15. mars 2016 kl. 9.30-11.00

í Skipholti 50 b, III. hæð

Mæting: Guðrún Ragnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Fjóla Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Halldór Grönvold, Jón Fannar Kolbeinsson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Forföll boðaði Sólveig B. Gunnarsdóttir

Frá FA voru mætt: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri og Björn Garðarsson.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Uppgjör ársins 2015 - álitamál

a. Náms- og starfsráðgjöf

Framkvæmdastjóri FA fór yfir þau gögn sem liggja fyrir varðandi þau álitamál sem standa eftir. Í fundargögnum er skjal sem sýnir stöðu uppgjör náms- og starfsráðgjafar eftir breytingar sem gerðar hafa verið frá síðasta fundi, bréf sem fræðsluaðilar hafa sent vegna óska Fræðslusjóðs um skýringar á misræmi í skráningu og minnisblað framkvæmdastjóra um málið. Einnig var lagt fram lögfræðiálit frá Juris, sem staðfestir að Fræðslusjóði er heimilt, vegna innra eftirlits, að vinna með persónugreinanlegar upplýsingar. Jafnframt staðfestir álitnið að Fræðslusjóður hafi heimild til að endurheimta hluta af greiddum framlögum, hafi þjónusta sem innt var af hendi verið minni en fyrirframgreidd framlög til viðkomandi aðila gerðu ráð fyrir. Sjá fundargögn.

Í umræðum kom fram að ljóst er að reglum sjóðsins og skilmálum hefur ekki verið fylgt af fræðsluaðilum. Formaður gerði að tillögu sinni að hún ásamt framkvæmdastjóra FA sendi svarbréf til fræðsluaðila og óski eftir að þeir tilnefni einn til tvo fulltrúa til að fara yfir þau álitamál sem fyrir liggja.

Úrbætur til framtíðar: Mikilvægt er að byggja samskipti sjóðsins upp á meiri formfestu en ríkt hefur hingað til. Ákveðið var að verðlisti Fræðslusjóðs verði birtur á netinu, en úthlutunarreglur og skilmálar eru á vefnum. Enn fremur verða birt á netinu þau gögn sem Fræðslusjóður hefur samþykkt, sem varða framlögin.

b. Námsleiðir

Fyrir fundinum lágu tvö erindi. Sjá fundargögn. Umræða varð um hugtakið umskólun og túlkun þess, en hún er enn ekki nægjanlega skýr. Spurt var hvort jafnræði sé með útlendingum með herra menntunarstig og Íslendingum í sömu stöðu. Tryggt þarf að vera, við mat á menntun og stöðu einstaklinga, að ekki sé mismunun á grundvelli þjóðernis. Þarfnast þetta hvoru tveggja frekari umræðu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HC", "JRC", "SWS", "E.H.", and others.

FA kanni nánar menntastöðu þátttakenda varðandi hvort þeir falli innan markhópsins. Hafi verið farið af stað heimildarlaust með of fáa úr markhópi laganna, fellur framlagið niður.

Upp hafa komið tilvik, þar sem einstaklingar eru útskrifaðir þótt mæting nái ekki 80%, en fræðsluaðili hefur metið námsárangur nægilegan. Samþykkt var að heimila fjárframlög vegna þátttakenda í vottuðum námsleiðum þó mæting sé undir 80%, enda liggja fyrir gildur rökstuðningur um fullnægjandi námsárangur.

3. Úthlutunarnefnd vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna

Tillögur úthlutunarnefndar á forgangssviðum voru kynntar. Úthlutunarnefnd var falið að breyta forgangssviðum á grundvelli þeirrar umræðu sem varð á fundinum og senda stjórnarmönnum til samþykktar áður en auglýsing verður birt.

4. Verðlag á nýjum námskrám

Samþykkt var tillaga um framlag til námsleiðarinnar Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk. Ekki er greitt fyrir 80 klukkustunda námsþátt í starfsþjálfun, heldur eru greiddar tvær klukkustundir vegna umsjónar fræðsluaðila í tengslum við þennan námsþátt.

5. Næsti fundur 12. apríl kl. 9.30-11.00, tillaga 26. apríl eða 3. maí.

Samþykkt að næsti fundur verði 12. apríl kl. 9.30-11.00. Beðið með ákvörðun um fleiri fundi.

6. Önnur mál

a. Svar MRN um hælisleitendur

Frestað

b. Erindi frá Mími um námsmenn með stúdentspróf og háskólamenntun - samþykkt í tölvupósti.

Staðfest ákvörðun um að hafna erindinu.

c. Erindi frá Farskólanum

Samþykkt. Einnig samþykkt að upplýsa aðra fræðsluaðila í sömu stöðu um þennan möguleika og taka erindi sem berast fyrir í tölvupósti milli funda

Andri Snær Magnason
Guðni Thórhildur
Gordur Hilmarsson
Gunnar
Mambildur K. Gunnarsson
Hrafn Gunnarsson
Egla Gunnarsson
Hallgrímur Gunnarsson